

183

28. ágúst. Þess ber að geta í skýrslunni um hvert það flát, er innihaldsmegn þess er fund-
ið eftir töflunni, hve mikið það vegi með því, sem í því er, og hve sterkur vínandinn sje.

Styrkleiki vínfanga er mældur á þessa leið:

Mælinum er sökkt niður í lög þann, er reyna skal, og látinn fljóta þannig litla hrið, svo að hitamælirinn geti náð að sýna rjett hitastig. Sje hitinn 9° á Reaumurs-
mæli eða vísi mælirinn á T á leiðrjettingar-kvarðanum, þá hefir lögurinn þann styrkleik,
er stiga-mælirinn vísar til. Sje hitinn minni, t. d. $\frac{1}{8}^{\circ}$, þá skal þetta lagt við styrkleika-
stig það, er stigamælirinn sýnir, þannig að ef það er brennivín, sem mæla skal og leið-
rjettingarkvarðinn sýnir $\frac{1}{8}^{\circ}$ undir T, en stiga-mælirinn sýnir $7\frac{7}{8}^{\circ}$, þá er brennivínið í
raun rjettri 8° . Öfugt er að farið, ef hitinn er yfir T, þá er það, sem yfir er, dregið
frá styrkleika þeim, er stigamælirinn sýnir. Þá er lesa skal á mælinn, verður ávallt að
gæta þess, að augað sje í alveg lárjettri línu við yfirborð lagarins.

184

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um stjórnartíðindi handa póst-
28. ágúst. mönnum. — Í þóknanlegu brjefi 19. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, lagt það til,
að frá 1. jan. 1883 megi veita póstmeistararum í Reykjavík og hverjum um sig af hinum
íslenzku póstaðgreiðslumönnum 1 eintak ókeypis af A-deild og B-deild stjórnartíðindanna
með þeim skildaga, að tíðindin fylgi framvegis embættinu og afgreiðslunni sem áhöld, er
hverjum afgreiðslumanni, er frá fer, ber að skila eptirmanni sínum. Út af þessu skal
eigi hjá líða látið að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og nauð-
synlegrar ráðstöfunar, að jeg fellst á tillögu yðar, og skal þess jafnframt getið, að ein-
taka-tölu þeirri, er yður hefir hingað til send verið, herra landshöfðingi, af A-deildinni,
mun frá nýjári verða fjölgað um 25, svo að eintökin verði alls 875, er yður verða send.

185

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um brennisteinsnámana í Þing-
28. ágúst. eyjarsýslu. — Það skal eigi hjá líða látið, að tjá yður með brjefi þessu til þóknanlegrar
leiðbeiningar og svo að þjer birtið það víðar, að 15. þ. m. hefir ráðgjafinn viðurkennt, að
«The Iceland Sulphur and Copper Company Limited» í Lundúnum hafi öðlazzt öll rjettindi og
skyldur hins fyrri leigunauts Th. G. Patersons, samkvæmt samningi þeim um leigu á
brennisteinsnámunum landssjóðs í Þingeyjarsýslu í norður- og austurumdæmi Íslands, er
gjörðist 13. apríl 1872 milli dómsmálastjórnarinnar og Alfreds G. Lock's.

186

— Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum um
29. ágúst. jarðamatsstörf hreppsnefnda. — Frá amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu
hefir hingað komið brjef yðar, herra sýslumaður, frá 29. júní þ. á. með erindi hrepps-
nefndarinnar í Hvítársíðuhreppi frá 17. s. m., þar sem meðal annars þess er farið á leit,
að frestur verði veittur með að senda sýslunefndum jarðalýsingar þær o. fl. sem heimt-
að er í brjefi ráðgjafans fyrir Ísland frá 28. febr. þ. á. og brjefi landshöfðingja frá 1. apr.
þ. á. Fyrir því vil jeg vísa yður, herra sýslumaður, til brjefs landshöfðingja til amt-
mannsins yfir norður- og austurumdæminu frá 28. f. m. (B. 165) og taka fram, að sýslu-
nefndinni í Mýrasýslu sje innanhandar að veita einstökum hreppum nokkurn frest í
nefndu tilliti, ef hann verður ekki því til fyrirstöðu, að sýslunefndin afgreiði jarðamat-
ið með öðrum hvorum þeirra 2. pósta, er eiga að koma við á Arnarholti 14. og 16. nóv-
ember þ. á. á leið sinni hingað.